



Endurhæfing fólks af erlendum uppruna

Nadía Borisdóttir, forstöðufélagsráðgjafi á Reykjalundi



Nadía Borisdóttir

Hvað vitum við um endurhæfingu fólks af erlendum uppruna? Er slík endurhæfing til á Íslandi? Hvað gerir fólk sem hefur búið hér á landi í áratugi og þarfnast endurhæfingar en beiðni frá heimilislækni er enn óafgreidd einu og hálfu ári seinna? Hvernig er að sinna fólki sem talar ekki íslensku? Heilbrigðismál eru mál sem snerta alla. Endurhæfing þarf að vera í brennidepli því hún varðar okkur öll. Við veikjumst öll, sum okkar slasast, aðrir glíma við kulnun í starfi, enn aðrir eru að fást við langvarandi veikindi í kjölfar Covid-19 og svo má lengi telja.

Markmiðið með þessari grein er að vekja athygli þeirra sem starfa í heilbrigðis- og velferðarþjónustu og koma að endurhæfingu en einnig þeirra sem koma að stefnumótun og stjórnsýslulegu skipulagi endurhæfingar. Grein þessi er skrifuð til að undirstrika mikilvægi þess að upphugsa nýjar leiðir í endurhæfingarmálum, að taka þátt í umræðu og hafa áhrif á ákvarðanatöku er varðar þjónustuþróun og stefnumótun í endurhæfingarmálum allra íbúa Íslands, og ekki síst innflytjenda.

Markmiðið með þessari grein er að vekja athygli þeirra sem starfa í heilbrigðis- og velferðarþjónustu og koma að endurhæfingu en einnig þeirra sem koma að stefnumótun og stjórnsýslulegu skipulagi endurhæfingar. Grein þessi er skrifuð til að undirstrika mikilvægi þess að upphugsa nýjar leiðir í endurhæfingarmálum, að taka þátt í umræðu og hafa áhrif á ákvarðanatöku er varðar þjónustuþróun og stefnumótun í endurhæfingarmálum allra íbúa Íslands, og ekki síst innflytjenda.

Heilbrigðisráðherra hefur skrifað eftirfarandi um endurhæfingu: „Það er skylda stjórnvalda að tryggja jöfn tækifæri allra til að búa við bestu heilsu sem mögulegt er og endurhæfing er þar eitt mikilvægasta verkfærið í verkfærakistunni okkar.“ En hver er raunverulega staðan í þessum málum í dag? Tryggja stjórnvöld jöfn tækifæri allra sem búa á Íslandi?

Ég starfa á stærstu endurhæfingarmiðstöð landsins, Reykjalundi, og ég er af erlendum uppruna. Endurhæfing er mögnuð, hún gefur fólki von um betra líf, eykur lífsgæði þess og er leið til að ná bata. Ég hef mikla trú á endurhæfingu, því ég verð vitni að því daglega að fólk nær betri bæði andlegri og líkamlegri heilsu. Ég hitti líka fólk sem er búið að gefast upp en öðlast nýtt líf með því að koma í meðferð og útskrifast við betri heilsu

en áður. Það vilja allir fá tækifæri til betra lífs, betri heilsu, tækifæri til að ná bata og endurheimta starfsgetu sína. Samkvæmt 1. gr. laga um réttindi sjúklinga ber okkur að veita öllum íbúum landsins heilbrigðisþjónustu, burtséð frá því hvaðan þeir koma, af hvaða kyni þeir eru og án tillits til fjárhagsstöðu þeirra. Það er einfaldlega réttur þeirra sem sækja heilbrigðisþjónustu að fá hana.

Frá því að ég byrjaði að vinna á Reykjalundi hef ég orðið vitni að ýmsum breytingum og þróunarvinnu sem stuðlar að betri og bættri þjónustu, þar á meðal fyrir innflytjendur. Það er mín reynsla að sjúklingar með annað móðurmál en íslensku eru oftast fólk sem kom til Íslands fyrir mörgum árum, jafnvel áratugum. Þessir einstaklingar eiga það sameiginlegt að hafa unnið í langan tíma afar erfiða líkamlega vinnu sem að lokum leiddi til alvarlegra veikinda en margir hafa líka upplifað erfið vinnuslys. Tildrög að komu þeirra til Íslands voru leit að betra lífi og óhjákvæmilegt er að taka mið af fyrri erfiðleikum (flýja stríð og/eða ofsóknir, óbærilega fátækt) þegar meta þarf þær aðstæður sem hafa áhrif á heilsutap og skerðingu á starfsgetu.

Nýtt verkefni, eins og að þjónusta nýjan hóp þjónustuþega, krefst mikils undirbúnings og oft ræður fagfólk ekki við að bæta á sig aukaverkefnum, næg eru verkefni sem hafa nú þegar hlaðist upp. Það sem við heyrum m.a. er að það er mikil fyrirhöfn að taka á móti þessum beiðnum, þær eru allt of flóknar. Hvernig getum við endurhæft fólk sem talar ekki íslensku? Verður fólk ekki að kunna allavega ensku til að komast á Reykjalund?

Kannski er undirrótin óöryggi, ótti við að geta ekki veitt þessum hópi faglegra þjónustu þar sem fáir þekkja til hans. Þá treysta sér ekki allir starfsmenn til að tala ensku. Er það skortur á menningarnæmni? Menningarnæmur einstaklingur hefur næma tilfinningu fyrir fólki með ólíkan menningarlegan bakgrunn og mismunandi lífsviðhorf. Fagfólk sem tileinkar sér það á auðveldara með að skilja að fólk getur haft mismunandi menningarleg gildi og ólíka sýn á samfélagið.



Þegar ég hóf störf á Reykjalundi var engin umræða eða sérstakir verkferlar um hvernig skyldi þjónusta einstaklinga sem töluðu ekki íslensku. Það var ekki mikill áhugi á að sinna þessum hópi, að mínu mati. Það sem hefur breyst er aukinn áhugi og vakning fyrir þjónustubörf þessa hóps. Fyrir tveimur árum hófst vinna umbótahóps á Reykjalundi um þjónustu við sjúklinga af erlendum uppruna. Ýmsar tillögur hafa í framhaldinu verið mótaðar ásamt hugmyndum um verkferla og nauðsynlegar ráðstafanir til að geta bætt þjónustu við þennan ört stækkandi hóp. Fyrir hönd umbótahópsins var sótt um gæða- og nýsköpunarstyrk til heilbrigðisráðuneytisins til að kosta þýðingu fræðsluefnis Reykjalundar á ensku og pólsku og e.t.v. fleiri tungumál. Staðan er þessi: Umsókninni var því miður hafnað. Það kemur samt skýrt fram í heilbrigðisstefnu að mikilvægt sé að mæta aukinni þörf fyrir túlkaþjónustu og að upplýsingar séu gefnar á ýmsum tungumálum þegar þjónustan er skipulögð til framtíðar. Við erum að reyna að skipuleggja og betrubæta starfið en fáum ekki þann stuðning sem við biðjum um.

Vegna stöðugrar fjölgunar innflytjenda á Íslandi finnst mér eðlilegt að heilbrigðisþjónusta, eins og önnur þjónusta, endurspegli þarfir einstaklinga sem vinna og búa í landinu og sé í takt við þróun fólksfjölda. Árið 2021 gaf heilbrigðisráðuneytið út fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2021 til 2025 sem varðar heilbrigðistengda endurhæfingu. Í þessari áætlun er minnst á ýmsa hópa, t.d. börn og aldraða, en ekki er minnst á innflytjendur. Það er ekki gert ráð fyrir annarri þjónustu þegar sjúklingurinn er af erlendum uppruna.

Eftir innrás Rússlands í Úkraínu kom mikill fjöldi flóttamanna til landsins. Hluti þeirra sem verður áfram á Íslandi er nú þegar vinnandi fólk. Það er bara spurning um tíma að stór hluti þessa hóps mun þurfa á endurhæfingu að halda. Mín eigin reynsla eftir að hafa starfað hjá Fjölmenningarsetri og tekið á móti flóttafólki er að stærsti hluti þess hóps glímir við einkenni áfallastreituröskunar ásamt kvíða og þunglyndi og þarfnast því viðeigandi þjónustu. Hvernig viljum við sem fagfólk þjónusta þennan hóp og hvaða endurhæfing verður í boði? Til að geta sótt um endurhæfingarlífeyri hjá Tryggingastofnun ríkisins þarf einstaklingur að hafa átt lögheimili hér á landi í 12 mánuði samfelld áður en greiðslur geta hafist. Búsetutími skiptir einnig máli þegar sótt er um örorku- og ellilífeyri, rétturinn skerðist ef um skerta búsetu er að ræða. Erum við sem fagfólk og þjóð sátta við stöðuna eins og hún er?

Hvernig ætlum við að bregðast við beiðnum fólks af erlendum uppruna sem þarf á endurhæfingu að halda?

Hvað höfum við að bjóða þeim sem tala ekki íslensku? Er þörf á að skilgreina sérstök svið eða deildir á ýmsum endurhæfingarstofnunum, þar á meðal Reykjalundi, sem myndu þjónusta þennan hóp? Það er án efa til heilbrigðisstarfsfólk, fagfólk, sem hefur vilja, hæfni og þekkingu til að sinna þessum hópi.

Þann 8. september 2023 var haldinn stefnumótunardagur á Reykjalundi og þar kom skýrt fram að sá hópur fólks sem talar ekki íslensku þarfnast öðruvísi aðkomu í endurhæfingu. Ekki er nóg að við sem störfum á Reykjalundi mótum okkar stefnu og áætlun um þjónustu heldur er öllum öðrum stofnunum sem tengjast endurhæfingu nauðsynlegt að setja fram áætlun um hvernig stofnunin ætlar að sinna þessum hópi. Við sem störfum í endurhæfingu eigum að geta sinnt endurhæfingu fólks af erlendum uppruna og stutt það að þessi hópur, ekki síður en aðrir, taki skref í átt að betri heilsu og starfsgetu, þrátt fyrir móðurmál hvers og eins.

Í dag heyrum við mjög oft orðið inngilding. Í því fjölmenningarlega samfélagi sem Ísland er orðið í dag er litið á fjölbreytileika sem sjálfsagðan hlut og lögð er áhersla á inngilding (e. inclusion). En hvernig skiljum við það orð þegar við tölum um endurhæfingu? Gerum við ráð fyrir fólki af erlendum uppruna? Inngilding felur í sér að viðurkenna og virða fjölbreytileikann og gera alltaf ráð fyrir honum. Inngilding snýr að því að virkja alla til þátttöku og gefa fjölbreyttum hópi fólks kleift að taka þátt í ákvarðanatöku.

Það bendir allt til þess að innflytjendum muni halda áfram að fjölga hér á landi á næstu árum. Hér erum við að tala um hag allra Íslendinga og hvað það gæti kostað að jafnarsetja þennan hóp. Viljum við hunsast þess hóps vegna dálítils kostnaðar við að þróa þessa þjónustu? Hvernig getum við fyrirbyggt og dregið úr líkum á því að fólk af erlendum uppruna búi við slæma andlega og líkamlega heilsu og fái ekki jöfn tækifæri til þess að taka virkan þátt á atvinnumarkaði ef við veitum því ekki athygli?

Ég vil að þessi eina málsgrein í heilbrigðisstefnunni sem fjallar um breytta samsetningu þjóðarinnar breytist í kafla. Í framhaldinu vil ég að skipaður verði starfs hópur sem skoðar ítarlega allar hliðar á endurhæfingu fólks af erlendum uppruna og að hann skili af sér fimm ára aðgerðaáætlun um endurhæfingu fólks af erlendum uppruna.